Reykjavíkurborg

Reykjavík, 21. apríl 2023
USK22090060

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð
Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úrbætur á hjólreiðabraut við Laugaveg.

Á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

> *Lagt er til að úrbætur verði gerðar á hjólreiðabraut á Laugavegi, sem liggur á kafla milli Snorrabrautar og Barónsstígs. Merkja þarf brautina með skýrum og áberandi hætti en á meðan hún er ómerkt er erfitt fyrir akandi og gangandi vegfarendur að átta sig á tilgangi hennar. Bæta þarf tengingar við sinn hvorn enda hjólreiðabrautarinnar, lækka kanta og gera fláa. Æskilegt er að brautin verði lengd lítils háttar beggja vegna þannig að hún nái alveg út að Barónsstíg annars vegar og Snorrabraut hins vegar. Á nokkrum stöðum í brautinni eru einnig ójöfnur sem þyrfti að slétta. Þá þarf að merkja vestari enda brautarinnar með skýrum hætti og setja upp varúðarmerki þar sem brautin endar skyndilega og rennur saman við akbrautina, sem hefur slysahættu í för með sér.*

Tillögunni var vísað til umsagnar Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 7. september sl.

Umsögn:

Umræddur hjólastígur á Laugavegi er sá fyrsti sinnar tegundar í Reykjavík. Stígnum hefur verið haldið sem táknrænu gildi fremur en hluti af hjólreiðaneti Reykjavíkur. Síðan að stígurinn var settur upp hefur umferðarmenning þróast og breyst verulega. Hefur verið litið svo á að hjólandi geti ferðast á götu Laugavegar líkt og ökutæki sem aka um götuna. Á Laugavegi er umferðarhraði mjög lítill og umferð að sama skapi lítil. Af þeim sökum skapast ekki mikil hætta ef hjólandi nýta sér sömu akreinar og ökutæki sem fara um Laugaveg. Samkvæmt leiðbeiningum fyrir hjólreiðar[1] er æskilegt, ef hjólastígur heldur ekki áfram handan gatnamóta, að hann endi fyrir gatnamótin. Hjólreiðamenn hafa alltaf val um að hjóla á gangstétt ef þeir kjósa svo en verða í samræmi við umferðarlög, að taka fullt tillit til gangandi vegfarenda.

Beðist er velvirðingar á seinum viðbrögðum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

---

[1] https://reykjavik.is/sites/default/files/honnunarleidbeiningar_fyrir_hjolreidar_2019-12-19.pdf